

Ár 2010, fimmtudaginn 18. nóvember kl. 7:30 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Eyþór H. Ólafsson, Róbert Hlöðversson og Ninna Sif Svavarsdóttir í forföllum Guðmundar Þórs Guðjónssonar.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bærarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Eyþór H. Ólafsson, varaformaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 2. nóvember 2010.**

Í bréfinu er kynntar dagsetningar samræmda könnunarprófa haustið 2011.

Lagt fram til kynningar.

1.2. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 9. nóvember 2010.**

Í bréfinu er kynnt uppgjör á framlögum Jöfnunarsjóðs vegna húsaleigubóta á árinu 2009.

Lagt fram til kynningar.

1.3. **Sjónarhóli frá 8. nóvember 2010.**

Í bréfinu óskar Sjónarhóll, ráðgjafamiðstöð fyrir fjölskyldur barna með sérþarfir, eftir rekstrarstyrk frá Hveragerðisbæ.

Því miður sér Hveragerðisbær sér ekki fært að styðja verkefnið í þetta sinn.

1.4. **Stígamótum frá 1. nóvember 2010.**

Í bréfinu er óskað eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2011.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið en Hveragerðisbær hefur styrkt starfsemi Stígamóta undanfarin ár. Ákvörðun um styrkupp hæð vísað til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011.

1.5. **Snorraverkefni frá 8. nóvember 2010.**

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær styrki verkefnið á árinu 2010.

Bæjarráð samþykkir að ungmenni á vegum Snorraverkefnisins geti fengið starfsþjálfun á vegum Hveragerðisbæjar næsta sumar en sér sér því miður ekki fært að veita verkefninu fjárhagslegan stuðning þetta árið.

1.6. **Héraðssambandinu Skarphéðni frá 12. nóvember 2010.**

Í bréfinu óskar Héraðssambandið Skarphéðinn eftir aukaframlagi til sambandsins.

Því miður sér Hveragerðisbær sér ekki fært að verða við erindinu en framlag sveitarfélaga á starfsvæðinu fer í gegnum Héraðsnefnd Árnesinga.

- 1.7. **BSI á Íslandi ehf frá 10. nóvember 2010.**
Í bréfinu er rætt um árlega aðalskoðun leiksvæða og leikvallatækja en BSI á Íslandi er með faggildingu á þessu sviði.
Erindinu vísað til skipulags- og byggingafulltrúa.
- 1.8. **Markaðsstofu Suðurlands frá 10. nóvember 2010.**
Í bréfinu er óskað eftir framlengingu á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands. Með bréfinu fylgdi framvinduskýrsla 2010.
Samþykkt að fresta afgreiðslu erindisins og taka afstöðu til þess samhliða fjárhagsáætlunargerð.
- 1.9. **Sigurði B. Jónssyni frá 15. nóvember 2010.**
Í bréfinu óskar Sigurður B. Jónsson eftir ýmsum upplýsingum vegna ráðningar kennara við GÍH.
Bæjarráð felur bærarstjóra að svara bréfitara.
- 1.10. **Hreini Kristóferssyni og Ingibjörgu Sigmundsdóttur frá 15. nóvember 2010.**
Í bréfinu er óskað eftir álitum bærarstjórnar til endurbyggingu gróðurhúsa að Bröttuhlíð 1-3.
Samþykkt að fela bærarstjóra að ræða við bréfitara.

2. Starfsmanna málefni:

- 2.1. **Breytingar á ráðningarsamningum bærarstjóra og skólastjóra GÍH.**
Lagðir fram breyttir ráðningarsamningar bærarstjóra og skólastjóra GÍH.
Bæjarráð samþykkir ráðningarsamningana. Samningur við skólastjóra felur ekki í sér hækkun. Í nýjum ráðningarsamningi við bærarstjóra er gerð breyting á fyrirkomulagi launa sem felur í sér 3% lækkun þeirra.
Fulltrú minnihlutans lagði fram eftirfarandi bókun.
Undirritaður samþykkir framlagða breytingu á ráðningarsamningi bærarstjórans í Hveragerði og skólastjóra GÍH með eftirfarandi bókun:
Það að fastar yfirvinnugreiðslur skulu teknar út úr ráðningarsamningi bærarstjórans og föst laun sett inn í staðinn rímar vel við tillögur minnihlutans þegar þessi samningur var til umræðu s.l. vor. Breytingin hefur einnig í för með sér örlitla lækkun á launum bærarstjórans, sem er jákvætt. Þetta breytir þó engu um fyrri afstöðu minnihlutans, sem telur að launakjör bærarstjórans séu í engu samræmi við launakjör annarra starfsmanna bæjarins og bága fjárhagsstöðu. Að öðru leyti er vísað í bókann minnihlutans í bærarstjórn í vor þegar ráðningarsamningurinn var lagður fram.
Róbert Hlöðversson

3. Tæknileg málefni:

- 3.1. **Minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa frá 8. nóvember 2010**

vegna reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

Lagt fram minnisblað frá menningar- og frístundarfulltrúa þar sem rætt er um nýja reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

Minnisblaðið lagt fram til kynningar. Jafnframt er samþykkt að kaupa öryggismyndavél sem sett verður upp við dýpri enda laugarinnar.

4. Fjárhagsleg málefni:**4.1. Tekjuforsendur 2011.**

Lagðar fram tekjuforsendur fyrir árið 2011.

	2008	2009	2010	2011	
Visitölur	278,9	322,3	353,6	365,3	
Útsvar	13,03%	13,28%	13,28%	13,28%	
Fasteignagjöld					
Fasteignaskattur á húsnæði í A-flokki	0,33%	0,33%	0,33%	0,371%	
Fasteignaskattur á húsnæði í B-flokki	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	
Fasteignaskattur á húsnæði í C-flokki	1,60%	1,60%	1,60%	1,625%	
Lóðarleiga á húsnæði í A-flokki	0,80%	0,80%	0,80%	1,00%	
Lóðarleiga á húsnæði í B og C flokki	1,50%	1,50%	1,50%	1,70%	
Vatnsgjald á húsnæði í A, B og C flokki	0,16%	0,16%	0,16%	0,18%	
Holræsagjald á húsnæði í A, B og C flokki	0,25%	0,25%	0,25%	0,28%	
Afsláttur ellilífeyrisþega af eigin íbúð tekjutengdur					
Sorphreinsgjald á heimili.	6.900	8.000	12.000	14.000	
Sorpurðunargjald á heimili.	7.000	8.100	12.000	10.000	
Aukatunna „grá“			12.000	12.000	
Fjöldi gjalddaga á fasteignagjöldum	9	9	10	10	
Afsl. álagningar ef að fullu greitt fyrir 15. febrúar	5%	10%	5%	0%	
Aukavatnsgjald					
Aukavatnsgjald pr. M3	7	8	8	9	
Mælaleiga minni en 50mm	5.000	5.000	5.000	5.000	
Mælaleiga stærri en 50mm	10.000	10.000	10.000	10.000	
Dýraleyfisgjöld					
Árgjald hundaleyfi	12.000	13.900	14.500	15.000	
Skráningargjald hunda	12.500	14.400	15.000	15.500	
Veittur er 25% afsláttur ef eigandi hunds hefur farið á námskeið um hundahald.					
Veittur er 25% afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega					
Árgjald katta				3.000	3.000
Skráningargjald katta	1.500	1.700	1.800	1.900	
Leikskólagjald					2.625
Vistgjald milli 8 og 16 pr. tíma	2.400	2.500	2.625	2.717	

Vistgjald milli 16 og 17	2.500	2.500	6.000	6.210	
4 tíma	10.000	10.000	10.500	10.870	
5 tíma	12.500	12.500	13.125	13.590	
6 tíma	16.500	16.500	15.750	16.300	
7 tíma	17.600	17.600	18.375	19.130	
8 tíma	20.000	20.000	21.000	21.740	
9 tíma	22.500	22.500	27.000	27.950	
Vistgjald fyrir 15 mín. aukavistun	625	625	1.500	1.550	
Hádegisverður	3.500	3.850	4.200	4.350	
Hressing	1.200	1.320	1.400	1.500	
Skólasel					
1 tími	125	140	155	160	
Skólamötuneyti					260
1 máltíð	200	220	260	290	
Afsláttur á leikskólum og skólaseli.					30%
Afsl. einstæð	30%	30%	30%	30%	
Afsl. systkini	30%	30%	30%	30%	
Afsl. þriðja systkini	70%	70%	70%	70%	
Afsl. fjórða systkini	100%	100%	100%	100%	
Afsl. Námsmenn annað foreldri í námi	15%	15%	15%	15%	
Afsl. Námsmenn báðir foreldrar í námi		30%	30%	30%	
Fyrir börn í elsta árgangi eru 6 tímar gjaldfrjálsir					-15.750
Systkinaafsláttur er veittur hvort sem systkini eru hjá dagmæðrum, leikskóla eða í skólaseli.					
Yngsta systkini fær engan afslátt, næst yngsta 30% og svo koll af kolli.					
Veittur er 5% afsláttur hafi foreldrar / forráðamenn sótt foreldrafærninámskið.					
Sundlaug					
Fullorðnir	270	310	380	400	
Börn	100	120	150	160	
Börn og ungmenni undir 18 ára búsett í Hveragerði	0	0	0	0	
10 miða afsláttarkort fullorðnir	1.900	2.200	2.410	2.800	
10 miða afsláttarkort börn	520	600	720	1.000	
30 miða afsláttarkort fullorðnir	4.620	5.340	5.860	6.200	
Árskort	21.010	24.280	26.640	25.000	
6 mán kort				13.000	
Baðföt leiga.	240	280	310	350	
Reiknuð afnot	270	310	380	400	
Bókasafn					
Árgjald	1.100	1.200	1.300	1.500	

Tekjuforsendurnar samþykktar með þeim fyrirvara að þær geta breyst þegar líður á gerð fjárhagsáætlunar ársins 2011.

4.2. Þjónustusamningur við Sveitarfélagið Árborg um málefni fatlaðra á

Suðurlandi.

Lagður fram þjónustusamningur við Sveitarfélagið Árborg um sameiginleg verkefni þjónustusvæðisins sem sveitarfélagið mun annast.

Samningurinn samþykktur.

5. Verkfundargerðir:

5.1. Gatnagerð 2010 frá 4. nóvember 2010.

Fundargerðin samþykkt.

5.2. Gervigrasvöllur á Vorsabæjarvelli frá 9. nóvember 2010.

Fundargerðin samþykkt.

6. Fundargerðir til kynningar:

6.1. Skólaráðs Grunnskólans í Hveragerði frá 4. nóvember 2010.

6.2. Stjórnar þjónustusvæðis málefna fatlaðra á Suðurlandi frá 12. október og 12. nóvember 2010.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 8:27

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)